

Sérfræðihópur í bókasafnstækni

Sérfræðihópur í bókasafnstækni var skipaður til 3ja ára haustið 2005 af IÐUNNI fræðslusetri (áður Prenttæknistofnun). Á starfsárinu áttu þær Hulda Björk Þorkelsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir sæti í sérfræðihópnum, tilnefndar af Upplýsingu.

Eitt af meginverkefnum sérfræðihópsins er að meta áðurfengna starfsreynslu nemenda í bókasafnstækni til styttingar vinnustaðanámi, sbr. *Fregnir* 3/2005, s. 52.

Í desember 2007 útskrifaðist einn nemandi sem bókasafnstæknir. Sérfræðihópurinn mat starfsreynslu hans og fór matið fram á símafundi. Ekki er á þessari stundu vitað um neinn sem útskrifast nú í vor sem bókasafnstæknir.

Mat þeirra nemenda sem hafa bókasafns- og upplýsingafræðing sem yfirmann fer fram á viðkomandi vinnustað.

Þórdís T. Þórarinsdóttir